

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
um skráningu raunverulegra eigenda.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvers vegna eru lögaðilar, sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir, undanþegnir skráningu raunverulegra eigenda samkvæmt lögum nr. 82/2019, en ekki lögaðilar sem hafa ófjárhagslegan tilgang, svo sem almannaheillasamtök, foreldrafélög, áhugamannafélög o.s.frv.?
2. Hefur ráðherra áform um að beita sér fyrir lagabreytingu í þessu efni?

Skriflegt svar óskast.